

Nd.

574. Frumvarp til laga

[188. mál]

um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ákvæði 63. gr. laga nr. 46/1954, um skattauka á tekjur, og ákvæði 64. og 65. gr. sömu laga, um lækkun á tekjuskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti, skulu gilda árið 1955 við álagningu skatta á tekjur ársins 1954.

2. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954, um álag á eignarskatt, skulu gilda við álagningu eignarskatts árið 1955.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, eru framlengd fyrir yfirstandandi ár eftirtalin bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt:

1. Ákvæði 63. gr. um skattauka á tekjur félaga.
2. Ákvæði 64. gr. um lækkun á skatti félaga.
3. Ákvæði 65. gr. um lækkun á stríðsgróðaskatti.
4. Ákvæði 67. gr. um álag á eignarskatt.